

Fundur Skólanefndar Flúðaskóla haldinn 29. Janúar 2014.

Mættir fundarmenn: Helgi Jóhannesson ritaði fundargerð, Bjarney Vignisdóttir, Guðrún Pétursdóttir, Jóhanna Lilja Arnardóttir, Halla Bjarnadóttir Lára Jónsdóttir, Ingvar Hjálmarsson, Unnsteinn Eggertsson boðaði forföll.

1. Skýrsla skólastjóra. Guðrún fór yfir eftirfarandi skýrslu:

Skýrsla skólastjóra skólanefndarfundur 29. Janúar

Margt hefur á daga okkar drifið frá síðasta fundi, hér á eftir verður einungis stiklað á stóru.

Nemendur og kennarar frá Grantofteskole komu í heimsókn til okkar 4. – 7. nóvember og unnu margvísleg verkefni með okkar 10. bekkjum og kennurum auk þeirra komu foreldrar til aðstoðar við eldamennsku og fleira.

Dagur gegn einelti var haldinn í skólanum 8. nóvember þá hittust allir í Kviadal og sungu saman síðan voru unnin margvísleg verkefni í tengslum við vináttu.

Skáld í skólum kom til okkar 14. nóvember, ljóðskáldið Aðalsteinn Ásberg og söngvaskáldið Svavar Knútur fluttu okkur leikandi og skemmtilega dagskrá um Stein Steinarr. Þeir sögðu frá lífi og list byltungarskaldsins í dagskrá sem nefnd er Með hugann fullan af hetjudáðum.

Ella umferðartröll kom í heimsókn 15. nóvember, ásamt Benna litla og pabba hans og sýndu krökkunum í 1. - 2. bekk og elstu krökkunum á leikskólanum leikritið Vinstri Hægri Vinstri.

Dagur íslenskrar tungu var með öðru sniði en oft áður en þá voru heimsóknir milli bekkjardeilda á mismunandi aldri þar sem flutt voru verkefni sem unnin höfðu verið um fallegasta orðið og fleira.

Í nóvember fór deildarstjóri sérkenntu á vinnustofuna vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi. Þetta er í annað sinn sem þetta er haldið og þá sendum við einnig fulltrúa.

Boðið hefur verið upp á skákkennslu einu sinni í viku eftir skóla fyrir alla nemendur skólans sem áhuga hafa, Árni Þór á veg og vanda að þessu en Stefán Sævaldsson er honum til aðstoðar.

Verkefnið yndislestur í desember sem ákveðið var að myndi standa út janúar hefur gengið mjög vel og verið hvatning til bóklesturs. Auk þess sem mælanlegar framfarir hafa komið fram hjá nemendum.

Vísindavaka var núna í janúar eins og undanfarin ár hjá 5. – 10. bekkjum í náttúrufræði. Vísindavaka er frábær leið til að fá nemendur til að yfirfæra þekkingu sína í náttúrufræðum á hversdagsleg fyrirbæri, þá hvetur þessi kennsluáferð til skapandi hugsunar og lausnánáms.

Flúðaskóli heldur úti facebooksíðu þar sem við hendum inn stuttum fréttum og myndum eftir því sem við á.

Nú í janúar foreldrafélag leikskólans og Flúðaskóla buðu nemendum upp í 5. bekk á leiksýninguna Ástarsaga úr fjöllumum.

Nokkuð hefur aukist að fullorðnir nemendur í framhaldsskólanámi og háskólanámi fái að taka próf hér í skólanum núna í desember voru 15 slík próf. Auk þess sem 5 nemendur Flúðaskóla tóku 7 próf á framhaldsskólastigi.

Kristín Magdalena Ágústsdóttir tónmenntakennari hefur látið af störfum við skólann og Helga Kolbeinsdóttir hefur tekið við hennar starfi.

Fjórir kennarar fóru á Bett sýninguna sem er skólasýning um tölvu- og upplýsingatækni, sem haldin er árlega í London.

Vel gengur að vinna við innleiðingu nýrrar námskrár en eins og áður hefur komið fram erum við að vinna markvisst með grunnþætti menntunar og er einn tekinn fyrir í hverjum mánuði með margvíslegum hætti.

Starfsmenn skólaþjónustu komu til okkar í síðustu viku þar sem við fengum kynningu á hvers konar þjónustu verður boðið uppá. Skólaþjónustan býður ekki uppá greiningar er varða námslega færni nemenda og mun það því alfarið færast inn í skólana. Þetta þýðir því að fleiri verkefni koma inn á borð hjá deildarstjóra sérkennslu, því er nauðsynlegt að endurskoða starfshlutfall deildarstjóra með tilliti til þess.

Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk.

**Samræmdar einkunnir 2013 á kvarðanum 1-10**  
**Meðaltal eftir landshlutum í samræmdum könnunarprófum í 4. bekk**

	Íslenska		Stærðfræði	
	M	sf	M	sf
Reykjavík	6,0	1,6	6,9	1,8
Nágr. Reykjavíkur	5,9	1,5	7,0	1,7
Norðvesturkjördæmi	5,5	1,4	6,6	1,9
Norðausturkjördæmi	5,7	1,6	6,2	1,8
Suðurkjördæmi	5,8	1,6	6,8	1,7
<b>Landið allt</b>	<b>5,9</b>	<b>1,6</b>	<b>6,8</b>	<b>1,8</b>

Flúðaskóli

6,7

7,4

**Samræmdar einkunnir 2013 á kvarðanum 1-10**  
**Meðaltal eftir landshlutum í samræmdum könnunarprófum í 7. bekk**

	Íslenska		Stærðfræði	
	M	Sf	M	sf
Reykjavík	6,5	1,5	6,9	1,9
Nágr. Reykjavíkur	6,5	1,5	6,9	1,9
Norðvesturkjördæmi	6,4	1,6	6,6	2,2
Norðausturkjördæmi	6,4	1,5	6,5	2,0
Suðurkjördæmi	6,2	1,5	6,6	1,9
<b>Landið allt</b>	<b>6,4</b>	<b>1,5</b>	<b>6,8</b>	<b>2,0</b>

Flúðaskóli

6,3

7,0

**Samræmdar einkunnir 2013 á kvarðanum 1-10**  
**Meðaltal eftir landshlutum í samræmdum könnunarprófum í 10. bekk**

	Íslenska		Enska	
	M	sf	M	sf
Reykjavík	5,9	1,6	7,1	1,7
Nágr. Reykjavíkur	6,1	1,5	7,1	1,6
Norðvesturkjördæmi	5,6	1,4	6,5	1,7
Norðausturkjördæmi	5,8	1,4	6,7	1,7
Suðurkjördæmi	5,7	1,4	6,8	1,6
<b>Landið allt</b>	<b>5,9</b>	<b>1,5</b>	<b>7,0</b>	<b>1,7</b>
<b>Flúðaskóli</b>	<b>6,5</b>		<b>6,7</b>	

**Færnieinkunnir í stærðfræði í 10. bekk árið 2013 flokkaðar niður eftir landshlutum. Hlutföll sýna dreifingu færniflokka innan hvers landshluta.**

	A		B		C		D	
	N	%	N	%	N	%	N	%
Reykjavík	156	12%	605	48%	302	24%	187	15%
Nágr. Reykjavíkur	173	16%	525	49%	254	24%	114	11%
Norðvesturkjördæmi	33	8%	181	45%	127	32%	61	15%
Norðausturkjördæmi	43	9%	227	46%	155	31%	70	14%
Suðurkjördæmi	35	7%	274	51%	151	28%	75	14%
<b>Landið allt</b>	<b>440</b>	<b>12%</b>	<b>1812</b>	<b>48%</b>	<b>989</b>	<b>26%</b>	<b>507</b>	<b>14%</b>
<b>Flúðaskóli</b>	<b>0%</b>		<b>59%</b>		<b>35%</b>		<b>6%</b>	

Guðrún kynnti skýrslu um samræmt próf frá Námsmatsstofnun með ítarlegri gögnum.

2. Skipulagsmál.

Jón Valgeirsson sveitarstjóri mætti á fundinn og gerði grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulagi í Flúðahverfi. Tillagan kynnt og rædd. Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn hafin verði hönnun á skólalóð í samræmi við breytt skipulag og unnið í aföngum að frágangi skólalóðar í samræmi við þá hönnun.

Skóla- og æskulýðsstefna, forvarnarstefna.

Skólanefnd Flúðaskóla leggur til að sveitarstjórn samþykki nýja Skóla- og æskulýðsstefnu og forvarnarstefnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps eins og þær liggja fyrir í viðauka við fundargerð. Þó verði formanni og skólastjóra falið að gera lagfæringar á uppsetningu. Stefnurnar

verði birtar á heimasíðum sveitarfélagsins og viðeigandi stofnunum og verði kynntar íbúum sveitarfélaganna eftir að þær hafa tekið formlegt gildi í báðum sveitarfélögum.

Önnur mál.

Lögð fyrir beiðni um framlengingu á leyfi Höllu Gunnarsdóttur frá 1. janúar 2014 til 1 júní 2114. Skólanefnd leggur til að beiðnin verði samþykkt.

Gjaldtaka fyrir próf nemenda sem ekki eru skráðir í Flúðaskóla. Skólanefnd leggur til að skólastjóra og aðstoðarskólastjóra verði falið að gera tillögu að gjaldskrá fyrir þessa þjónustu.

Fleira ekki gert og fundi slitið